

**Ed.**

## **149. Frumvarp**

til laga um einkenning fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

### 1. gr.

Öll skip, islensk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sjer glögt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.

Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skipsins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar samskonar og þau, er segir í samningum þeim, er um getur í næstu málsgrein hjer á eftir.

Nú er skip svo merkt, sem segir í samningi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í samningi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæslu utan landhelgi við Ísland og Færeyjar, og skal þá sú merking talin nægileg.

### 2. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau óþekktanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenskri landhelgi.

### 3. gr.

Það varðar sektum, frá 50—2000 kr., ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi, eða hefst þar við án þess að hafa á sjer merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.

Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá alt að 400 kr. sekt við því.

Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenskri landhelgi með vísitandi duld-

um, afmáðum eða afbökudum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlausa veiði um alt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli.

#### 4. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð. Til tryggingar greiðslu sekta og málskostnaðar má kyrsetja skip og síðan selja, að undan-genginni aðför, til lúkningar hvorstveggja.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samningi milli Bretlands, Frakklands, Belgíu, Hollands, Þýskalands og Danmerkur 6. maí 1882, um fiskiveiðar í Englandshafi til 61. stigs norður-breiddar, og í samningum milli Bretlands og Danmerkur 24. júní 1901, um gæslu fiskiveiða utan landhelgi í hafinu umhverfis Ísland og Færeyjar, eru fyrirmæli um merkingu skipa þeirra ríkja, er að samningunum standa, ef þau stunda veiði á þessum svæðum, og viðurlög sett, ef ákvæði þeirra eru rofin. Sjá samning 6. maí 1882, 6.—10. gr., lög nr. 20, 13. sept. 1901, og tilsk. nr. 32 s. d., og samning 24. júní 1901, 6.—11. gr., lög nr. 17, 8. júlí 1902, og tilsk. nr. 2, 2. mars 1903, 5.—8. gr. Fyrirmæli þessi ná ekki til íslenskrar landhelgi. En einsætt er, að slíkra reglna sje ekki síður þörf þar, enda er kunnugt, að skip, sem ólöglegar veiðar reka í landhelgi, dylja einatt merkin á skipum sínum til þess að koma sjer undan ábyrgð. Og má þeim takast það, er vopnlaus skip standa þau að verki. Það er því full ástæða til að gera skipum skylt að hafa einkennismerki sín í lagi, þegar þau eru í íslenskri landhelgi, og leggja refsingu við, ef af er brugðið. Kröfur um merkinguna eru svo, að bæði á öllum að vera unt að fullnægja þeim og þær eru fullnægjandi til þess að skip megi þekkja. Það er og einsætt, að nægilegt er alt af, ef skip er svo einkent, sem í áðurgreindum samningum segir. En sömu kröfur verða þó ekki gerðar til ríkja, sem þeir samningar skuldbinda ekki.

Einstakar greinar frv. virðist ekki þurfa að skýra.